



Faghópur II

Fundargerð 5. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 1. apríl 2009, kl. 13:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Anna Dóra Sæþórsdóttir og Brynhildur Davíðsdóttir.

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð síðasta** fundar var samþykkt með smávægilegum lagfæringum.
2. **Gestur fundarins** var Sigurður Már Einarsson frá Veiðimálastofnun sem gaf ýmsar upplýsingar um veiði í ám (og vötnum) sem koma við sögu í drögum að lista yfir virkjunarkosti sem rammaáætlun mun meta. Í máli Sigurðar kom m.a. fram:
 - a. Í veiðigagnagrunni Veiðimálastofnunar er að finna upplýsingar um veiði í ám og vötnum frá öllum landshlutum sl. áratugi. Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknnum og rekur nokkur útibú á landsbyggðinni.
 - b. Sigurður sagði stuttlega frá stöðu mála í þeim ám sem rammaáætlun mun koma að:
 - i. Almenn óskaði Sigurður eftir að fá nánari upplýsingar um virkjunaráform því erfitt væri að gefa miklar upplýsingar nema umfang og útfærslur virkjana liggi fyrir. Starfsmaður mun senda Veiðimálastofnun frekari upplýsingar þegar þær munu liggja fyrir.
 - ii. Sigurður lýsti megináhrifum af nýjum miðlunarlónum á grónum svæðum. Þegar vatnsborð hækkar fer gróður á bökkum undir vatn, rotnun verður mikil sem kallar fram aukna frumframleiðslu og fæðuframboð eykst. Fiskum fjölga og hann stækkar. Er frá líður snýst þessi þróun við sem leiðir til minnkandi fiskstofna og einstaklinga. Með rannsóknnum má taka tillit til þessa þáttar og draga úr áhrifum. Sigurður benti á fyrirlestur Guðna Guðbergssonar um málið sem fluttur var á Fræðapingi landbúnaðarins og finna má á vef Bændasamtaka Íslands: „Framvinda fiskstofna í miðlunar- og uppistöðulónum“. (Sjá krækju á vinnusvæði á vefsíðu.)
 - iii. Hvítá í Borgarfirði: Í ánni er sérstæður sjóbleikjustofn og um þessar mundir standa yfir rannsóknir á honum. Sigurður taldi að stofninn yrði í mikilli hættu ef hugmyndir um virkjun við Kljáfoss ganga eftir. Hann taldi andstöðu við slíkar framkvæmdir í héraðinu.
 - iv. Á Vestfjörðum er lítið vitað um fiska í ám og vötnum. Vatnasvæði Hvalár hefur ekki verið rannsakað en til eru rannsóknir á smádyrum í vötnum á Glámusvæði. Hann taldi almennt fremur litla hagsmuni á báðum svæðum gagnvart veiði.

- v. Í Skagafirði mun Villinganesvirkjun hafa áhrif á göngu lax og bleikju og þar liggur fyrir góð skýrsla. Litlir hagsmunir veiði tengjast Skatastaðavirkjun.
- vi. Lítið er vitað um fisk í Jökulsá á Fjöllum en talið fremur rýrt búsvæði fiska.
- vii. Fjarðará í Seyðisfirði: Framkvæmdir langt komnar og fremur rýrir hagsmunir.
- viii. Djúpa: Vantar upplýsingar um virkjunaráform.
- ix. Skaftá: Vantar upplýsingar um virkjunaráform.
- x. Hólmsá: Nokkrar upplýsingar um fiska til staðar en vantar upplýsingar um virkjunaráform.
- xi. Tungnaá: Nokkrar upplýsingar um fiska til staðar en vantar upplýsingar um Bjallavirkjun.
- xii. Markarfljót: Litlar rannsóknir en vitað um smálax og sjóbirting neðarlega.
- xiii. Þjórsá: Umfangsmiklar rannsóknir liggja fyrir en Sigurður var undrandi á lítilli umræðu um fiskinn í deilum um virkjunarframkvæmdir í ánni í byggð. Í ánni er einn stærsti laxastofn landsins og „stór merkilegur“. Helstu veiðistaðir (net) í ánni liggja neðan Urriðafossvirkjunar en hrygningarsvæði eru ofar í hliðarám. Lagt hefur verið í mikla vinnu vegna virkjana í Neðri-Þjórsá við að hanna framhjáleið („by-pass“) fyrir seiði á niðurleið og mun lausn vera í sjónmáli.
- xiv. Hagavatn-Farið: Engin þekking,
- xv. Að lokum lagði Sigurður til að hann myndi taka saman hvaða gögn og upplýsingar eru tiltæk hjá Veiðimálastofnun og komið geta að gagni.

3. **Útivist.** Rætt var stuttlega um skil á milli og skörun ferðaþjónustu og útivistar. Ólafur mun taka saman tölur um fjölda gesta í Landmannalaugum, um Laugavegin og við Snæfell.
4. **Skimun gagna um ferðaþjónustu.** Formaður kynnti tilboð frá Edward H. Huijbens, forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, um að annast skimun gagna um ferðaþjónustu í gagnagrunnum. Tilboðið hljóðaði upp á rúmar 500.000 kr. Anna mun kalla eftir álit Önnu Dóru og Svanfríðar vegna þessa.
5. **Svar frá Rögnvaldi.** Borist hefur svar frá Rögnvaldi Guðmundssyni hjá Rannsóknunum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar varðandi gögn, upplýsingar og starfsemi sem komið geta að gagni. Starfsmanni var falið að senda svarbréfið á meðlimi hópsins. Formaður mun ræða efnið við Önnu Dóru.
6. **Næsti fundur** verður haldinn í lðnaðarráðuneytinu 16. apríl kl. 8:30. Á fundinn mun mæta Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur Bændasamtakanna en hann er einnig starfsmaður Landssambands veiðifélaga. Einnig mæta Einar Bollason frá Íshestum og væntanlega Hróðmar Bjarnason frá Eldhestum.